

Guðný Zoëga  
Kári Gunnarsson

# Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar VI - byggðasögurannsókn



Byggðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2013/136

*Forsíðumynd: Samsstaðir í landi Miklabæjar*



© Bygðasafn Skagfirðinga  
2013/136

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>Aðferðarfræði</b> .....	<b>4</b>
<b>Sámsstaðir</b> .....	<b>5</b>
Könnunarskurður 1 .....	8
Könnunarskurður 2 .....	9
Borkjarnar .....	9
<b>Stórhóll</b> .....	<b>10</b>
Borkjarnar .....	11
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>13</b>

## Inngangur

Síðastliðin 11 ár hefur farið fram ritun og útgáfa á Byggðasögu Skagafjarðar og eru nú sex bindi af átta komin út. Sérstök áhersla hefur verið lögð á skráningu og rannsóknir á fornum byggðaleifum utan heimatúna, oft fjarri alfaraleið.

Samstarf um fornleifarannsóknir hefur verið með starfsmönnum Byggðasögunnar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga. Fjöldi minja hefur verið staðsettur nákvæmlega, myndaður og teiknaður upp og hafa könnunarskurðir verið teknir í túngarða og útveggi á völdum stöðum. Alls hafa nú um 50 staðir verið skoðaðir með könnunarskurðum og/eða kjarnabor í tengslum við verkefnið.

*Megin markmið rannsókna er:*

- að leita að og staðsetja fornbylí, sel og aðrar minjar sem fyllt geta upp í þekkingu á byggðasögu Skagafjarðar.
- að kanna aldur valinna minja með könnunarskurðum og/eða borkjörnum sem teknir eru í garðlög og útveggi tófta til að ákvarða aldur og möguleg byggingastig. Einnig eru tekin kjarnasýni úr gólfum tófta til að ákvarða hvort að um mannbústaði sé að ræða.
- að kynna og vekja athygli á minjunum þannig að gert sé ráð fyrir þeim í skipulagi og við framkvæmdir.

Árið 2012 voru farnar tvær vettvangsferðir í tengslum við verkefnið. Fyrri ferðin var farin 20. ágúst og voru þá minjar á Stórhóli í landi Miðhúsa í Óslandshlíð mældar upp og borkjarnar teknir til frekari aldurgreininga. Þann 22. október var farin ferð að Miklabæ í Óslandshlíð. Voru þar skoðaðar mögulegar leifar fornbylísins Sámsstaða, minjar mældar upp og könnunarskurðir teknir á tveimur stöðum.

Vettvangsvinnan var í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafraeðings og Kára Gunnarssonar kennara og byggðasögurítara. Sérstakar þakkir fá Sigmundur Jóhannesson eigandi Miðhúsa og Halldór Þ. Ólafsson og Guðrún Jónsdóttir, ábúendur á Miklabæ sem veittu góðfúslegt leyfi sitt fyrir rannsóknunum.

Staður	Staðsetning	>1000*	1000-1104	1104-1300	1300>	Aflagt 1766
Hæðarnes	Goðdalir			X		
Miðmundarlækur	Vesturdalur		X	?		
Hrísastaðir	Vesturdalur	?	X			
Fossar	Vesturdalur	?		X		
Tunga	Vesturdalur	X				
Ófriðarstaðir	Austurdalur		X	X	X	
Fagrabrekka	Austurdalur	?		X	X	
Fagrahlíð	Austurdalur	?	?	X	X	
Grund	Öxnadalsheiði			X		
Vík	Norðurárdalur			X	X	
Einarsdalskot	Haukagilsheiði			X	X	
Óþekkt	Miklibær			X	X	
Gerði	Flugumýrarhvamur				X	
Hæringsbúðir	Sauðákrókur/golfvöllur		X	X		
Risamýri	Réttarholt	X	X			
Garðhús	Hólahagi/Hjaltadalur	X	X			
Hólakot	Viðvíkursveit	X	X		X	
Ytri-Heljará	Kolbeinsdalur		X	X	X	
Keflavík (Kriki)	Hegranes			X		
Keflavík	Hegranes		X			
Keflavík (sjóbúð?)	Hegranes				X	
Grjótá	Viðvíkursveit				X	
Grjótgerði	Víðines/Hjaltadalur		?	?	X	X
Bjarnastaðir	Kolbeinsdalur			X		
Geitakofahóll	Neðri-Ás Hjaltadalur	X	X	?		
Óþekkt	Neðri-Ás, Hjaltadalur		?	X		
Kýrholt	Viðvíkursveit			?	X	X
Herpisgerði	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X
Hagakot	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X
Fornar réttir	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X
Gljúfurárgerði	Viðvíkursveit				X	
“Slappandsstaðir”	Viðvíkursveit				X	X
Markúsarhóll	Viðvíkursveit	X	X	X	?	X
Fossabrekkur	Viðvíkursveit	X	X			
Algerðarstaðir	Viðvíkursveit			?		X
Ásgrímsstaðir	Hegranesi					
Lækur	Viðvíkursveit	?	X			
Ónefnt fornbýli	Kýrholt/Viðvíkursveit	X		X		
Ónefnt fornbýli	Fjall/Kolbeinsdalur					
Kaldárkot	Bjarnastaðir/Kolbeinsdal	?	X			X
Unastaðasel	Kolbeinsdalur		?			
Heljará tóftir	Kolbeinsdalur					X
Ónefnt býli	Kolbeinsdalur					X
Nautasel	Kolbeinsdalur					X
Sámsstaðir	Miklibær/Óslandshlíð			X		
Stórhóll	Miðhús/Óslandshlíð	?	X			

Tafla 1. Taflan sýnir staði sem rannsaðir hafa verið með kjarnabor og könnunarskurðum. Fleiri staðir hafa verið rannsaðir þar sem engar minjar fundust.

## Aðferðarfræði

Minjar eru mældar upp með Trimble Pro-Xr staðsetningartæki með um 50cm skekkjumörkum. Hnitakerfi sem stuðst er við er Isn93.

Kjarnabor er notaður til að gera forkönnun á minjum bæði til að greina hvort um mannvistarleifar er í raun að ræða og til rannsókna á aldri og tegund minjanna. Stundum gefa bor-kjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru minni könnunarskurðir teknir.

Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Jarðlög in kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað og hnit tekið á borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannbústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnunum.

Könnunarskurðir eru hafðir eins litlir og unnt er bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Þar sem komið er niður á flóknar mannvistarleifar í skurðum er þeim lokað aftur. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáiast. Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar.

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbyggingar veggja.

Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:

**H3** – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag

**LnL** – Landnámslagið grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.

**Vj~1000** – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll um 1000 e.Kr.

**H1104** – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.

**H1300** – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300.

**H1766** – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.



Mynd 1. Könnunarskurður 2 í túngarð á Sámsstöðum í landi Miklabæjar, Miklibær í baksýn.

## Sámsstaðir

Fornbýli í landi Miklabæjar í Óslandshlíð, Skagafirði.


Lega: A486895,365 N589662,53



*Mynd 2. Horft til austurs upp að Sámsstöðum af Miklabæjartúni. Á bungunni sem sjá má í hlíðinni rétt hægra megin við miðja mynd er stærsta tóftin en hún virðist liggja á eldri byggðaleifum.*

Sámsstaða er ekki getið sem býlis í heimildum en landamerki milli Sleitustaða og Miklabæjar í Óslandshlíð eru í Sámsstaðagili samkvæmt landamerkjabréfi frá árinu 1889. Sléttlendið neðan gilsins er einnig kallað Sámsstaðaengi. Í Jarðabókinni frá 1709 er ekki beinum orðum getið um býli með þessu nafni en þar segir: „Þar sem nú er stekkurinn frá Miklabæ eru sýnilegar girðingaleifar. Enginn veit hér hafi byggð verið og ekki má hér byggja fyrir landþröng.“ (Jarðabók Árna og Páls, IX. bindi., bls. 229-230). Vafalítið hafa verið skepnuhús og stekkjadh á Sámsstöðum á síðust öldum. Glöggar og vel grónar tóftir bera vitni um það. Þó er mjög freistandi að álíta að þar hafi fyrir á öldum verið myndarlegt býli. Stórt túnstæði (150x120 m) og miklir landkostir gefa hugmynd um að þar gæti hafa verið góður búskapur en býlið síðar verið lagt til Miklabæjar. Miklibær var í eigu Hólastóls árið 1388 og þá er Sámsstaða ekki getið og vafalítið hafa þeir þá þegar verið komnir í eyði og lagðir undir Miklabæ (*Íslenskt fornbréfasafn III 1262-1415*. Kaupmannahöfn, 1896, bls. 410.). Svæðið er enn í daglegu tali kallað Sámsstaðir.

Svæðið liggur í nokkuð brattri fjallshlíð 750m austan og upp af bæjarstæði Miklabæjar. Þar eru tóftir á þremur stöðum innan fornlegs vallargarðs sem er greinilegur er norðan og austan



Mynd 3. Yfirlitsteikning af minjum á Sámsstöðum.

tóftanna. Garðurinn liggur á 110m löngum kafla frá suðvestri til norðausturs upp hlíðina. Þar beygir hann til suðausturs og liggur á um 178m kafla eftir hlíðinni endilangri. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og þýfður og þar sem hann liggur meðfram hlíðinni hefur jarðvegur skriðið upp að honum ofanverðum. Hann er ekki greinanlegur að sunnan og vestan.



Mynd 4. Myndin sýnir boga vallargarðsins nyrst í túni á Sámsstöðum. Í baksýn er Miklibær.





Mynd 5. Stekkjartóf (tóft 2) efst í túni og áföst túngarðinum innanverðum. Tóft 1 sést í fjarlægð til vinstri á mynd.

### Tóft 1 – stekkur/útihús?

[A486897.659 N589663.157]

Stærsta tóftin er nyrst og neðarlega innan vallargarðs og er í daglegu tali nefnd Stekkur. Hún snýr austur/vestur er um 6x15m að utanmáli og er á nokkuð upphlöðnum hól sem bendir til að hún liggja á eldri minjum. Suður úr aðaltóftinni er önnur minni, um 4x5m að utanmáli. Tóftirnar eru vallgrónar og vel grænar en veggja-grjót sést víða. Tóftirnar líkjast fremur fjárhúsi með áfastri heytóft en nafnið bendir þó til

að þarna sé um stekkjartóft að ræða. Hann er þá nokkuð veglegri en stekkir nr. 2 og 3.

### Tóft 2 - stekkur

[A487021.626 N589682.926]

Stæðileg tóft liggur 75m suður með túngarðinum að austan og snýr hún norður/suður og er fast innan við túngarðinn og myndar hann austur langvegg. Tóftin er tvískipt og greinilegt stekkjarglag á henni. Tóftin er gróin en enn sést grjót í veggjum.

### Tóft 3 - stekkur


[A487059.77 N589618.733]

Þriðja tóftin er syðst og austast um 10 metrum innan og neðan (sv) túngarðsins. Tóftin er þrískipt, vallgróin og vel glögg. Nyrsta hólfid í henni virðist geta verið hluti eldra mannvirkis. Tóftin virðist, líkt og tóft 2, geta verið stekkjartóft. Eldri minjar, sem kunna að hafa haft annað hlutverk, liggja undir stekkjartóftinni en engin merki um mannvist fundust í kjörnum sem teknir voru í og umhverfis hana.



Mynd 6. Tóft nr. 3 liggur innan túns um 20m neðan túngarðsins. Á yfirborði er tóftin vel glögg og grjót sést enn í vegghleðslum. Tóftin liggur hinsvegar ofan á eldri tóftum og afhólf norðan hennar virðast vera leifar eldi tóftar sem liggur að hluta undir yngri tóftina.

## Könnunarskurður 1



Mynd 7. Teikning af suður langsniði og vestur skammsniði í skurði 1.

Skurðurinn var tekinn í túngarðinn ofanverðan. Hann var 70cm langur og 40cm breiður og um 60cm djúpur í austur enda en 80cm í vesturenda. Í skurðinum kom fram túngarðsveggurinn sem hefur eingöngu verið hlaðinn úr torfi og var í sniðinu um 40cm hár. Í garðinum var fjöldi sandlinsa en torf úr veggnum virðist hafa verið tekið í sandríkum jarðvegi. Ofan á veggnum var um 15cm þykkt lag með mold, sandi og steinum sem líklega er tilkomið vegna jarðvegsspýju úr brekkunni ofan garðsins. Beint ofan á þessu lagi lá dökk gjóska að því er virtist óhreyfð. Dýpt gjóskunnar í jarðvegi benti fremur til að þar væri um H1300 að ræða fremur en H1766. Hinsvegar virtust geta verið linsur af dökku gjóskulagi í torfinu en erfitt var að greina það frá sandlögunum. Undir torfveggnum var um 10cm lag með rótuðu torfi sem í var gjóskan H1104. Lagið er vísbending um að sléttað hafo verið undir garðinn áður en hann var reistur. Engin merki 1104 gjóskunnar fundust hinsvegar í torfveggnum.




Mynd 8. Jarðlög í skurði 1. Ofarlega í sniðinu má sjá dökka gjóskulínu sem liggur yfir garðinum. Neðarlega í sniðinu er lagskipt torf.

#### Túlkun sniðs

Garðurinn hefur verið hlaðinn eftir 1104 en líklega aflagður um 1300, eða að minnsta kosti ekki endurhlaðinn eftir þann tíma.

## Könnunarskurður 2



Mynd 9. Vestur langsníð og norður skammsnið skurðar 2.

Könnunarskurður tvö var tekinn í túngarðinn norðanverðann norðan tóftar 1. Skurðurinn var 60cm langur, 40cm breiður og um 80cm djúpur. Í honum kom fram torfveggur, um 40cm háur. Í torfinu voru óljósar slittrur af H1104 og dökkri gjósku, auk H3. Ofan torfsins í garðinum var um 5-8cm þykkt náttúrulegt jarðlag en ofan þess óljóst slitrótt dökkleitt gjóskulag, mögulega H1300. Rétt undir grasrót voru dauf merki um slittrur af svörtu gjóskulagi, mögulega H1766.

### Túlkun sniðs

Veggurinn er hlaðinn eftir 1104 en líklega aflagður 1300.

### Borkjarnar

Nokkrir borkjarnar voru teknir í og umhverfis tóftirnar. Í tóftunum var allsstaðar komið niður á steina. Þar sem að kjarnar voru teknir í jarðveg utan tófta fundust hvergi ummerki um kol, móösku eða annað sem bent gæti til mannvistar. Flestir kjarnanna voru teknir umhverfis tóft 1 sem stóð á nokkurri upphækkun, og virtist einna líklegust til að standa á bæjarhóli. Engin ummerki mannvistar fundust þó og því ekki hægt að staðfesta að þar hafi bærinn staðið.



Mynd 10. Lagskiptur torfveggur í skurði 2. Torfið í garðinum var mun glegggra í skurði 2. Ofarlega í sniðiinu má sjá samskonar dökka gjósku og í skurði 1 og virðist hún hafa legið ofan á garðinum.

## Stórhóll

Fornt bæjarstæði í landi Miðhúsa í Óslandshlíð.

Lega: A483408.792 N594814.103




Mynd 11. Stórhóll fyrir miðri mynd. Hóllinn er nokkuð veglegur en engin örnefni eða sögusagnir fylgja bæjarleifunum sem á honum eru.

Stórhóll nefnist hóll sem liggur utan túns um 170m norðan og ofan bæjarstæðis Miðhúsa. Engar heimildir eru til um býli á hólnum né örnefni sem vísað gætu til byggðar. Þar eru hinsvegar miklar og fornlegar menjar sem benda til að fyrr á öldum verið þar býli umlukið virkjamiklum túngarði.

Túngarðurinn er aðeins sýnilegur á um 120m kafla norðvestan hólans en lega garðsins bendir til umfangsmikils túnstæðis og hefur hóllinn með minjunum verið sunnarlega í túni.

Stærsta tóftin liggur á miðjum hólnum og er um 20x4m að stærð. Hún snýr frá






Mynd 12. Skálabygging á Stórhóli (tóft 1) horft í norður. Ljós m. Kári Gunnarsson.

norðri til suðurs, mjög jarðsokkin og fornleg. Þvert á þá tóft til austurs kemur önnur sambyggð, um 7x4 metrar að stærð. Skammt sunnan við þessa stærstu tóft er önnur sem snýr frá vestri til austur, 17x4m að stærð og er lítil tóft áföst henni að norðan. Litlu sunnar er svo tóft (A483432,804 N594796,002), 3x5m að stærð sem snýr norður suður og virðast dyr hafa verið á henni til suðurs. Syðst á hólum er svo lítil tóft um 4x4m að utanmáli og virðast dyr hafa verið á henni til austurs. Nyrst og vestast á hólum eru þrjár litlar tóftir með stuttu millibili, þær eru að utanmáli 3x4m, sú nyrsta, 2x4 m, sú í miðið (A483375,588 N594836,006 N594836,006) og sú syðsta 5x7m (A483369,076 N594838,797). Þessar tóftir eru allar mjög vallgrónar og fornlegar. Skammt norðan þeirra er yngri fjárhústóft með grjóthlöðnum garða, um 14x6 m, og standa veggir enn vel.

## Borkjarnar

Alls voru teknir 23 borkjarnar í vegg og gólf tófta á Stórhóli. Mannvist kom fram í þremur tóftanna en engin mannvist fannst í óglöggum tóftum norðvestan til í hólum. Það kann þó fremur að skrifast á hve jarðvegur var þurr en að ekki væri um mannvirki að ræða. Einnig voru teknir kjarnar í túngarðinn norðan bæjarstæðisins en þar var jarðvegur þurr og engin grein-anleg merki torfs eða gjósku.



Mynd 13. Yfirlit yfir borkjarna sem teknir voru í vegg og gólf tófta á Stórhóli.

Tafla 2. Borkjarnar sem teknir voru á Stórhóli þann 20.08.2012.

NR	Norðun	594813.022	Lega	Lýsing
K1	483403.206	594813.022	Á 0 í línu yfir tóft nr.1	0-20cm grasrót. 20-33cm óhreyft. 33cm 1104 óhreyfð. 45cm: H3 óhreyfð. Engin mannvist í kjarna.
K2	483404.196	594813.213	Á 2m	0-27cm: óhreyfður mjög þurr jarðvegur. 27cm 1104 óhreyfð. 27-45cm: mögulega rótaður jarðvegur með H3. 45cm óhreyft.
K3	483404.955	594813.396	Á 3m	0-28cm: Mjög þurr jarðvegur. 28cm: H1104 óhreyfð. 29-39cm rótaður jarðvegur með H3. 39-42cm gráleitt lag með kolum. E.t.v. mjög þurr móaska. Neðri hluti hennar þéttur.
K4	483405.976	594813.553	Á 4m	0-27cm: mjög þurr jarðvegur. 28cm: H1104 óhreyfð. 29-33cm: rótað lag með mold og H3. 33-37cm: móaska, laus í sér. 37cm: steinn.
K5	483406.918	594813.762	Á 5m	0-17 mjög þurr jarðvegur. 17-18cm H1104 óhreyfð. 18-22cm: rótað torf. 22-27cm þétt móöskulag..
K6	483407.808	594813.946	Á 6m	0-21cm: Mjög þurr jarðvegur. 21cm: H1104 óhreyfð. 22-25cm: rauðleit móaska. 25-31cm: móaska, sót, kol. 31cm óhreyft.
K7	483408.792	594814.103	Á 7m	0-22cm: mjög þurr jarðvegur. 22-35cm: morkið torfrót. 35-40cm: rótuð mold. 40cm: steinn
K8	483409.708	594814.312	Á 8m	Engin mannvist greinanleg í kjarna. Mjög þurr og einsleitur jarðvegur.
K9	483410.834	594814.521	Á 9m	0-21cm: mjög þurr jarðvegur. 21-22cm: H1104 óhreyfð. 22-32cm: fokmold. 32-55cm: Lagskipt torf með H3. 55cm: H3 óhreyfð.
K10	483411.724	594814.600	Á 10m	0-30cm : mjög þurr einsleitur jarðvegur. 30-45cm: Lagskipt torf með H3. 45-47 móöskudreif. 47cm H3 óhreyfð.
K11	483414.865	594812.925	Í gólf afhýsis tóftar nr. 1	0-30cm: mjög þurr einsleitur jarðvegur. 30-40cm: rótaður jarðvegur með smá kolum. 40cm: steinn.
K12	483406.917	594819.188	Norðanvert í gólf tóftar nr.1	0-30cm mjög þurr einleitur jarðvegur. 30-31cm: H1104 óhreyfð. 31-37cm: rótað torflag. 37-43cm: móösku og kolalag. 43cm steinn.
K13	483422.925	594807.554	Á 0 í tóft 2	0-20cm: mjög þurr einsleitur jarðvegur. 20cm H1104 óhreyfð. 20-25cm: fokmold. 25-47cm: lagskipt torf með grænni gjósku. 47-53cm þétt gólfslag með ljósum lífrænum trefjum.. 53cm: óhreyft.
K14	483422.413	594809.044	Á 1m	0-25cm: mjög einsleitur þurr jarðvegur. 25cm: H1104 óhreyfð. 25-27cm: fokmold. 27-44cm: lagskipt marglitt torf. 44-49cm: þétt ljósleitt lífrænt gólfslag. 49cm: óhreyft.
K15	483423.250	594808.113	Á 2m	0-20cm: þurr einsleitur jarðvegur. 20-40cm: Lagskipt gulleitt torf með H3 og dökkri gjósku.
K16	483423.855	594806.205	Á 3m	Engin mannvist greinanleg í kjarna
K17	483424.228	594805.088	Á 4m	0-21cm: mjög þurr einsleitur jarðvegur. 21cm H1104 óhreyfð. 22-25cm: óhreyfð fokmold. 25-42cm rótað þétt lag með trefjum. 42-50cm: þétt gólfslag með ljósum lífrænum trefjum. 50cm: óhreyft/jökulleir.
K18	483424.739	594803.273	Á 6m	Engin mannvist greinanleg í kjarna.
K19	483425.344	594802.343	Á 7m	Engin mannvist greinanleg í kjarna
K20	483423.969	594778.645	Í vegg tóftar 3	0-21cm: einsleitur þurr jarðvegur. 21-35cm: rótað lag blandað mold og jökulleir, líklega uppmokstur. 35-40cm: ruslalag með kolum og dálitlu af brenndum beinum.
K21	483422.425	594779.859	Í gólf tóftar nr.3	0-22cm: þurr einsleitur jarðvegur. 22cm: H1104 óhreyfð. 22-37cm ormetinn jarðvegur. 37-42cm. Rótuð mold með nokkru af kolum. 42cm óhreyft.
22	483386.003	594832.804	Í óglöggan vegg tóftar nr. 4	Engin greinanleg mannvist í kjarna.
23	483383.466	594833.687	Í gólf tóftar nr. 4	Engin greinanleg mannvist í kjarna.

## Túlkun á borkjörnum

Stóra tóftin (nr. 1 á mynd 13) er af skála, mannabústað sem aflagður hefur verið þegar á 11. öld. Tóft sunnan skálans (tóft 2) virðist geta verið rétt eða útihús (fjós?), einnig frá því fyrir 1104. Tóft 3 syðst á bæjarstæðinu innihélt nokkuð af móösku, kolum og brenndum beinum sem gæti bent til að þar hafi staðið smiðja. Hún virtist einnig eldri en 1104. Bærinn á Stórhóli er líklega að stofni til frá 10. öld en hann hefur verið aflagður fyrir aldamótin 1100.

## Niðurstöður

Fornleifarannsóknir fóru fram á tveimur stöðum í Óslandshlíð síðla sumars og á haustdögum 2012. Annarsvegar voru gerðir könnunarskurðir á meintum Sámsstöðum í landi Miklabæjar og borkjarnar voru teknir á Stórhóli í landi Miðhúsa Miklir þurrkar höfðu verið um sumarið og hamlaði það rannsóknum hve þurr og einsleitur jarðvegur var.

Í landi Miklabæjar eru leifar fornbylis sem í skýrslunni er nefnt Sámsstaðir. Sámsstaða er að vísu hvergi getið með nafni í heimildum en nafnið kemur þó fram sem hluti tveggja örnefna, Sámsstaðagil og Sámsstaðaengi. Svæðið er auk þess enn í dag kallað Sámsstaðir af heimamönnum. Túngarður, sem afmarkað hefur veglegt túnstæði, auk smá rústabungu undir seinni tíma útihúsi bendir til að þarna hafi verið býli til forna. Hinsvegar fundust engin ummerki um mannvist í kjörnum sem teknir voru í og við tóftir innan garðsins. Það skýrist að hluta vegna þess að tóftirnar eru grjóthlaðnar og að í flestum kjarnanna var komið var niður á grjót rétt undir grasrót. Býlið hefur einnig legið í nokkurri brekku og ummerki voru um grjótskriður og aurspýjur úr hlíðinni sem fallið hafa yfir túnstæðið. Skriðurnar gætu hæglega hafa hulið tóftir og spillt jarðlægum mannvistarlögum. Dæmi um þetta er að jarðvegur og grjót höfðu skriðið upp að og yfir túngarðinn þannig að á kafla var hann eins og stallur í brekkunni. Ummerki aurburðar komu einnig fram í könnunarskurði 1 í ofanverðan túngarðinn. Skurðirnir sem teknir voru í túngarðinn benda til að býlið hafi líklega verið komið eyði fyrir 1300. Eftir að byggð lagðist af hafa þar verið reistir a.m.k. tveir stekkir og mögulega eitt útihús sem enn eru vel glögg en öll vitneskja um fyrri byggð var fallin í fyrnsku í byrjun 18. aldar.

Í landi Miðhúsa fundust, við vettvangsrannsókn byggðasöguritara sumarið 2011, miklar byggingaleifar á svokölluðum Stórhóli. Engar heimildir eru til um bæ á hólnum og ekkert örnefni bendir þar til byggðar. Minjarnar á hólnum eru þó enn vel sýnilegar en mjög jarðsokknar og veggjalag sumstaðar óljóst. Fornt túngarðsbrot lá norðan hólans en ekki tókst að finna út aldur þess til að staðfesta að hann hafi verið samtíða minjunum á hólnum. Það verður þó að teljast líklegt að garður og bæjarminjar heyri saman. Borkjarnar sem teknir voru í fjórar tóftir á bæjarstæðinu gáfu hinsvegar miklar upplýsingar. Staðfest var að stærsta tóftin er af skála, bústað manna á 10. -11. öld. Einnig voru teknir kjarnar í úthúsatóft eða rétt fast sunnan skálans og í tóft syðst á bæjarstæðinu sem kann að hafa verið smiðja. Niðurstöðurnar benda til að öll húsin hafi verið komin úr notkun um aldamótin 1100. Hvenær byggð hefur hafist þarna varð hinsvegar ekki ljóst en þó er ekki óvarlegt að ætla að bærinn kunni að stofni til að vera frá 10. öld, jafnvel fyrr.

Fylgiskjöl



## Byggðasögurannsóknir - ljósmyndaskrá 2012

Númer	Dags.	Stærð kb	Gerð	Landareign	Lýsing	Í	Ljós.	Tengill
<b>Stórhóll í landi Miðhúsa í Óslandshlíð</b>								
Miðhús 1	21.8.2012	5072	JPEG	Miðhús	Borkjarni tekinn í gólf tóftar á Stórhóli í landi Miðhúsa		KG	<a href="#">Miðhús\Miðhús 1.jpg</a>
Miðhús 2	21.8.2012	5813	JPEG	Miðhús	Horft eftir endalangri "skálatóft"	NNV	KG	<a href="#">Miðhús\Miðhús 2.jpg</a>
Miðhús 3	21.8.2012	3724	JPEG	Miðhús	Stórhóll í landi Miðhúsa	S	KG	<a href="#">Miðhús\Miðhús 3.jpg</a>
Miðhús 4	21.8.2012	7650	JPEG	Miðhús	Horft af Stórhóli - túngarður og nýrri fjárhústóft	NNV	KG	<a href="#">Miðhús\Miðhús 4.jpg</a>
<b>Sámsstaðir í landi Miklibæjar, Óslandshlíð</b>								
IMG_6579	22.10.2012	4664	JPEG	Miklibær	Borkjarni í túngarð ofanverðan	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6579.jpg</a>
IMG_6580	22.10.2012	2589	JPEG	Miklibær	Horft eftir túngarði að tóft 1 (mögulegum bæjarhóli)	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6580.jpg</a>
IMG_6581	22.10.2012	3478	JPEG	Miklibær	Yfirlitsmynd - möguleg tóft sem reyndist ekkert	N	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6581.jpg</a>
IMG_6582	22.10.2012	2546	JPEG	Miklibær	Norðurhorn túngarðs, Kári Gunnarsson grefur skurð	A	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6582.jpg</a>
IMG_6583	22.10.2012	2485	JPEG	Miklibær	Túngarðsboginn í norðurhorni.	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6583.jpg</a>
IMG_6584	22.10.2012	2988	JPEG	Miklibær	Vinumynd - Kári Gunnarsson við uppgröft skurðar 1	N	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6584.jpg</a>
IMG_6585	22.10.2012	3250	JPEG	Miklibær	Vinumynd - Kári Gunnarsson við uppgröft skurðar 1	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6585.jpg</a>
IMG_6586	22.10.2012	2423	JPEG	Miklibær	Jarðlög í sv skammsniði skurðar 1	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6586.jpg</a>
IMG_6587	22.10.2012	2555	JPEG	Miklibær	Jarðlög í sv skammsniði skurðar 2	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6587.jpg</a>
IMG_6588	22.10.2012	2458	JPEG	Miklibær	Jarðlög í suðurhorni skurðar 1	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6588.jpg</a>
IMG_6589	22.10.2012	2513	JPEG	Miklibær	Jarðlög í sv skammsniði skurðar 1	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6589.jpg</a>
IMG_6591	22.10.2012	3753	JPEG	Miklibær	Skurður 1	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6591.jpg</a>
IMG_6592	22.10.2012	1892	JPEG	Miklibær	Horft eftir túngarðinum til sa	SA	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6592.jpg</a>
IMG_6593	22.10.2012	2305	JPEG	Miklibær	Horft yfir túngarð og tóft 1 frá tóft 2	SV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6593.jpg</a>
IMG_6594	22.10.2012	2435	JPEG	Miklibær	Tóft 2 - stekkur	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6594.jpg</a>
IMG_6595	22.10.2012	2692	JPEG	Miklibær	Tóft 3 - stekkur	SSV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6595.jpg</a>
IMG_6596	22.10.2012	2515	JPEG	Miklibær	Tóft 3 - stekkur	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6596.jpg</a>
IMG_6597	22.10.2012	2319	JPEG	Miklibær	Sámsstaðir - yfirlitsmynd	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6597.jpg</a>
IMG_6598	22.10.2012	2288	JPEG	Miklibær	Tóft 1 - yfirlitsmynd	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6598.jpg</a>
IMG_6599	22.10.2012	2785	JPEG	Miklibær	Grjóthlaðið horn tóftar 2 (stekkjjar)	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6599.jpg</a>
IMG_6600	22.10.2012	2363	JPEG	Miklibær	Tóft 2 - stekkur	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6600.jpg</a>
IMG_6601	22.10.2012	2622	JPEG	Miklibær	Túngarðurinn þvert á hlíðina frá nv-sa	N	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6601.jpg</a>
IMG_6602	22.10.2012	2527	JPEG	Miklibær	Norðurhorn túngarðs	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6602.jpg</a>
IMG_6603	22.10.2012	2404	JPEG	Miklibær	Norðurhorn túngarðs	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6603.jpg</a>
IMG_6604	22.10.2012	2746	JPEG	Miklibær	Skurður2 - norðvestur skammsnið	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6604.jpg</a>
IMG_6605	22.10.2012	2707	JPEG	Miklibær	Skurður2 - norðvestur skammsnið	NV	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6605.jpg</a>
IMG_6606	22.10.2012	2664	JPEG	Miklibær	Skurður 2 - norðurhorn	N	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6606.jpg</a>
IMG_6607	22.10.2012	2557	JPEG	Miklibær	Skurður 2 -vesturlangnsnið	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6607.jpg</a>
IMG_6608	22.10.2012	3565	JPEG	Miklibær	Skurður 2, yfirlitsmynd, Miklibær í Baksýn	V	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6608.jpg</a>
IMG_6609	22.10.2012	1941	JPEG	Miklibær	Vinumynd	SA	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6609.jpg</a>
IMG_6610	22.10.2012	2183	JPEG	Miklibær	Sámsstaðir - yfirlitsmynd	NA	GZ	<a href="#">Sámsstaðir\IMG 6610.jpg</a>